

Fyrirliðaband

Höfundur: Helena Eiríksdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 4.–6. bekk



Aðferð:

Prjón
Útsaumur

Efni:

- ✓ Garnlitur sem hentar keppnisliði
- ✓ Garn sem hentar prjónastærð
- ✓ Svart garn í skreytingu

Áhöld:

- ✓ Tveir prjónar sem henta grófleika garnsins
- ✓ Gróf javanál
- ✓ Skæri



Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Fitjið frekar laust upp 20 lykkjur með því garni sem þið veljið.


Uppfitjun




1 Setjið bandið yfir tvo fingur og kreppið hina þrjá.



2 Takið þrjón í hina höndina og dragið bandið fram. Munið að halda því föstu með fingrinum.






3 Farið svo með þrjóninn undir bandið á þumal fingri.



4 Sækið bandið sem er á vísifingri og komið með það sömu leið til baka út hjá þumal fingri.


- 2 Þrjónið 9 garða (18 umferðir).
- 3 Þrjónið 14 umferðir sléttar þ.e. slétt þrjón á réttunni og brugðið á röngunni.
- 4 Þrjónið aftur 9 garða (18 umferðir).
- 5 Fellið frekar laust af og skiljið eftir góðan spotta til að sauma stykkinn saman með í lokin.

Affelling



- 6 Saumið með aftursting stórt svart C (captein) í slétta svæðið.
- 7 Saumið uppfit og affellingu saman og gangið vel frá endum.
- 8 Pressið létt með blautum klút yfir prjónastykki ef þurfa þykir.

Afturstingur



Til kennara

Þetta verkefni er sérhannað fyrir nemendur sem hafa áhuga á fótbolta. Hentar líka vel fyrir þá sem eru komnir að því að læra brugðna lykkju. Einnig hægt að aðlaga að yngri nemendum en þá eru bara prjónaðir 7 garðar í stað slétta prjónsins.